



Til borgarráðs

Efni: Endurskoðun á reglum um fjárstýringu

Lagðar eru fram til samþykktar uppfærðar reglur um fjárstýringu Reykjavíkurborgar og uppfærðir viðaukar við viðkomandi reglur. Breytingar frá fyrri reglum eru í eftirfarandi köflum og viðaukum:

1. **Reglur um fjárstýringu Reykjavíkurborgar**
 - a. Í framhaldi af skipulagsbreytingum á fjármála- og áhættustýringarsviði hefur nafni fjárstýringar- og innheimtuskrifstofu verið breytt í skrifstofu fjárstýringar og innheimtu í reglunum og viðaukum með þeim.
2. **Viðauki 1 – Heimildarákvæði**
 - a. Breyting í kaflanum Markmið í fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 tengd greiðsluhæfi A-hluta. Markmið ávöxtunar á handbæru fé á árinu 2024 er uppfært í 788 m.kr. í stað 753,5 m.kr. sem var markmið ársins 2023.
3. **Viðauki 2 – Fjárfestingarstefna verðbréfasafns**
 - a. Í samræmi við við samþykktan viðauka við samning um eignastýringu við Íslensk verðbréf þar sem ÍV sjóðir hf. kt: 491001-2080 yfirtaka öll réttindi og skyldur Íslenskra verðbréfa varðandi eignastýringu, að undanskildu hlutverki vörsluaðila, er gerð sambærileg breyting á aðilum í viðauka 2.
 - b. Í kafla I í viðauka 2 var tekið fram að ekki væri heimilt að fjárfesta í skuldabréfum í erlendum gjaldmiðlum. Í framhaldi af álit borgarlögmans þar sem fram kemur að það sé álit borgarlögmans að borginni sé heimilt að fjárfesta í erlendum ríkisskuldabréfum að því gefnu að áhætta við fjárfestinguna hafi verið metin hófleg hefur eftirfarandi verið sett inn í staðinn: **Heimilt er að fjárfesta í erlendum ríkisskuldabréfum með jafnt eða hærra lánshæfismat og íslenska ríkið.**
 - c. Breyting er gerð á fjárfestingarstefnu veltusafns þannig að hámarksvægi íbúðabréfa er lækkað úr 20% í 5%. Eign borgarinnar í íbúðabréfum er orðin lítil eftir þátttöku í skiptiútboði í desember. Íbúðabréf í eigu borgarinnar höfðu verið færð í „geymslusafn“, þ.e. óvirk stýring, vegna óvissu um fyrirætlanir fjármálaráðherra varðandi ÍL-sjóð.
 - d. Úr viðmiðunarvísitölu er fjarlægð HFF vísitala ÍV sem hafði 15% vægi en henni var ofaukið í viðmiðinu og hafði ekki verið höfð til hliðsjónar að undanfögnu.
 - e. Í kafla II um fjárfestingarstefnu græns safns er tekin út vísun í grænan ramma Reykjavíkurborgar þar sem í græna rammanum er vísað í viðaukann sjálfan varðandi fjárfestingar á afrakstri grænnar fjármögnunar ef ekki er svigrúm til nýtingar á móti grænum fjárfestingum. Fjárfestingar græns safns takmarkast nú við fjárfestingar í víxlum og sértryggðum skuldabréfum viðskiptabanka og í verðbréfum með ríkisábyrgð.
 - f. Hámarkslíftími græna safnsins er lækkaður úr 5 árum í 3 ár. Þegar og ef grænt safn er notað til ávöxtunar er það hugsað til skemmri tíma.
4. **Viðauki 3 – Áhættumat** – Engin breyting.



5. **Viðauki 4 – Skýrslugjöf** – Engin breyting.
6. **Viðauki 5 – Ábyrgðarskuldbindingar vegna fyrirtækja í eigu borgarinnar** – Engin breyting.
7. **Viðauki 6 – Heimildarákvæði grænna fjármuna**
 - a. Vísað er í **Green Financing Framework** í staðinn fyrir Green Bond Framework.

Greinargerð:

Í reglum um fjárstýringu hjá Reykjavíkurborg segir að árlega skuli fara yfir og uppfæra viðauka við reglurnar og leggja fyrir borgarráð til samþykktar.

Í október sl. sendi borgarlögmaður (MSS23040014) sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs svar við spurningu frá skrifstofunni varðandi *mögulegar fjárfestingar af hálfu borgarinnar í erlendum ríkisskuldabréfum og hvort slík ráðstöfun væri í samræmi við lög*. Tilgangur fjárfestingar í erlendum ríkisskuldabréfum gæti verið áhættudreifing og áhættuvörn. Ekki er gert ráð fyrir í fjárfestingarstefnu fyrir verðbréfasafn í stýringu hjá Íslenskum verðbréfum að fjárfest sé í erlendum ríkisskuldabréfum að sinni. Þó þykir tilhlýðilegt að breyta setningunni þar sem sagt er að ekki sé heimilt að fjárfesta í skuldabréfum í erlendum gjaldmiðlum og setja inn í staðinn að **heimilt sé að fjárfesta í erlendum ríkisskuldabréfum með jafnt eða hærra lánshæfismat og íslenska ríkið**.

Í samantekt borgarlögmanns segir: *Það er álit undirritaðrar að Reykjavíkurborg sé heimilt að fjárfesta í erlendum ríkisskuldabréfum, að því gefnu að áhætta við fjárfestinguna hafi verið metin hófleg. Í því sambandi er mikilvægt að tryggja að fullnægjandi upplýsinga sé aflað, m.a. um form á ríkistryggingu verðbréfa, efnahagsástand og efnahagslegan stöðugleika viðkomandi ríkis. Þá er mikilvægt að samþykkis borgarráðs fyrir fjárfestingunni sé aflað í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um fjárstýringu og að aflað sé sérfræðilíts skv. 66. gr. sveitarstjórnarlaga ef að fjárhæð fjárfestingarinnar fer yfir mörk ákvæðisins. Að endingu er mikilvægt að fjárfestingu í erlendum ríkisskuldabréfum sé fylgt eftir með fullnægjandi eftirliti með breytingum á efnahagslegu umhverfi viðkomandi ríkis.*

Frá því að fjármálaráðherra kynnti hugmyndir og síðan drög að lögum um slit ÍL-sjóðs hafa íbúðabréf í eigu borgarinnar verið aðgreind í „geymslusafni“ hjá Íslenskum verðbréfum. Í desember fór fram skiptiútboð þar sem verðtryggð ríkisskuldabréf með álíka binditíma voru boðin í skiptum fyrir íbúðabréf. Reykjavíkurborg tók þátt í þessu skiptiútboði og á nú mjög lítið í íbúðabréfum. Fjárfestingarstefnunni er breytt þannig að hámarksvægi þeirra er lækkað úr 20% í 5%. Lítil viðskipti hafa verið með íbúðabréf undanfarið þar sem mikil óvissa skapaðist um áform ráðherra en eins og kunnugt er fengu frumvarpsdrögin mikla gagnrýni. Óvíst er með framhaldið en í ljósi þess að seljanleiki skiptir miklu máli var ákveðið að taka þátt í útboðinu. Eftirfarandi tafla sýnir eign í íbúðabréfum fyrir og eftir útboðið.

	Eign fyrir útboð 8.12.2023		Skiptiútboð 8.12.2023		Eign eftir skiptiútboð 3.1.2024	
	Nafnverð	Markaðsverð	Nafnverð	Markaðsverð	Nafnverð	Markaðsverð
HFF150434	224.833.333	278.760.438	(163.784.843)	(203.069.242)	61.048.490	76.079.469
HFF150644	383.560.057	673.661.050	(383.192.267)	(673.015.086)	367.790	626.842
RIKS30 0701			122.177.325	201.055.265	122.177.325	201.505.327
RIKS33 0321			432.899.339	695.174.122	432.899.339	697.027.373



Í upphafi árs 2023 var gerður viðauki við eignastýringarsamning milli Íslenskra verðbréf hf. og Reykjavíkurborgar þar sem ÍV sjóðir hf. yfirtóku öll réttindi og skyldur Íslenskra verðbréfa samkvæmt samningum og viðaukum að undanskildu hlutverki Íslenskra verðbréfa sem vörsluaðila. Með þessu var verið að setja alla stýringu undir sama hátt en breytingin hafði ekki önnur áhrif. Gerð er breyting á aðilum í viðauka 2 til samræmis við þetta. Í viðmiðunarvísitölu safnsins var fyrir mistök HFF vísitala ÍV 15% enn inni og samtala viðmiðs 115%. Vísitalan hefur ekki verið höfð til hliðsjónar undanfarið. Reykjavíkurborg hefur verið með aðgreint grænt vörslusafn ef til þess kemur að ávaxta þurfi græna fjármögnun fram að nýtingu á móti grænum fjárfestingum. Þetta hefur ekki verið mikið nýtt að undanförunu en ef til ávöxtunar með þessum hætti kemur er það hugsað til skamms tíma, þ.a.l. er hámarkstíminn stytur úr 5 árum í 3 ár.

Fjármála- og áhættustýringarsvið innleiddi nýtt skipulag fyrir sviðið, gera má ráð fyrir að verkefni ársins taki mið af þeirri innleiðingu, nýjum verkefnum og frekari nýtingu stafrænna lausna. Haldið verður áfram að efla tengsl á lánamarkaði og unnið að bættri upplýsingagjöf. Ennfremur verði kannað með endurnýjun skuldabréfakerfis og frekari nýtingu á gagnagrunnum. Markmið um ávöxtun á handbært fé er lítillega hækkað vegna hærri innlánsvaxta á peningamarkaðsinnlánum.

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki meðfylgjandi uppfærslu á reglum um fjárstýringu og uppfærða viðauka við reglur um fjárstýringu hjá Reykjavíkurborg.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsvið